

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 281/1995.

Friðrik Ólafsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Hríseyjarhreppi

(Árni Pálsson hrl.)

og gagnsök

Verksamningur. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1995. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1.750.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. september 1993 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti með stefnu 15. september 1995. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, deila málsaðilar um það, hvort greiðsla, er gagnáfrýjandi innti af hendi 22. september 1993 vegna víxilskuldar sinnar, að fjárhæð 1.750.000 krónur, skuli teljast til efnda á verksamningi þeirra 12. júlí 1993. Í dóminum er jafnframt rakið, að aðaláfrýjandi telur sig hvorki, þegar sveitarstjóri gagnáfrýjanda gekkst undir greiðsluskyldu með áritun á víxilinn, né eftir það hafa samþykkt með neinu móti, að svo skyldi vera.

Aðaláfrýjandi gaf skýrslu fyrir dómi, þar sem hann bar, að sér hefði orðið kunnugt um víxilinn um miðjan ágúst 1993. Hefði sér þá jafnframt verið ljóst, að víxilfjárhæðin yrði færð sem greiðsla inn á verkið. Aðspurður um, hvort hann hefði krafist þess, að greiðslan yrði bakfærð, svaraði hann því neitandi. Aðilum ber hins vegar ekki saman um, hvenær mótmæli aðaláfrýjanda gegn færslu þessarar fjárhæðar sem greiðslu komu fram, en sveitarstjóri gagnáfrýjanda bar fyrir héraðsdómi, að það hefði ekki gerst fyrr en með bréfi lögmanns aðaláfrýjanda 26. apríl 1994. Lokareikningur aðaláfrýjanda

til gagnáfrýjanda 10. janúar 1994 ber með sér, að gert er ráð fyrir, að nefnd greiðsla hafi verið til efnda á verkсамningi málsaðila.

Pegar þetta er virt, sbr. meðal annars ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður fallist á með gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi í verki samþykkt, að greiðslan teldist vera innt af hendi til efnda á samningi þeirra. Verður krafa gagnáfrýjanda um sýknu því tekin til greina. Aðaláfrýjandi skal jafnframt greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómсорði greinir.

Það athugast, að ástæðulaust var að kveðja til sérfróða meðdómsmenn í máli þessu í héraði, svo sem sakarefninu er háttað.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Hríseyjarhreppur, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Friðriks Ólafssonar.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 19. maí 1995.

Mál þetta hefur Jón Oddsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Garðabæ 14. september 1994 og birtri 30. s. m., fyrir hönd Friðriks Ólafssonar verktaka, kt. 110956-4449, Hraungerði, Grindavík, á hendur Hríseyjarhreppi, kt. 640169-3629, Ráðhúsinu við Skólaveg, Hrísey. En málið var þingfest 20. október 1994 og dómtekið 21. f. m.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 1.750.000 kr., auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Stefndi, Hríseyjarhreppur, krefst þess að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati réttarins.

Stefnandi lýsir svo málsástæðum og öðrum atvikum, að hann hafi gert um mitt sumar 1993 verktakasamning við stefnda um gatnagerðarframkvæmdir í Hrísey, þar sem stefndi var verkkaupi, en stefnandi verktaki. Höfst verkið í byrjun ágúst 1993 og lauk seinni hluta nóvember s. á. Loka-reikning fyrir verkið hafi stefnandi sent stefnda 10. janúar 1994, og byggði hann á upplýsingum frá stefnda, að hann hefði þá greitt inn á verkið alls 8.890.879 kr. Við endurskoðun stefnanda á uppgjöri þessu hafi komið í ljós, að upp gefin fjárhæð frá stefnda reyndist vera of há sem nam 1.750.000 kr.

Hafi stefnandi gert athugasemd um þetta við stefnda, sem hafi sent stefnanda 8. mars 1994 yfirlit úr bókhaldi sínu um viðskipti þeirra. Þar hafi komið í ljós skuldfærsla á stefnanda, dagsett 22. september 1993, að fjárhæð 1.750.000 kr., og tilgreind sem greiddur víxill vegna verktaka. Hafi stefnandi ítrekað athugasemdir sínar við stefnda og mótmælt umræddri skuldfærslu og krafist leiðréttingar. Í ljós hafi komið, að skuldfærsla þessi hafi verið greiðsla á víxli, að fjárhæð 1.750.000 kr., en samþykkjandi víxils þessa verið stefndi, en útgefandi Friðrik Sigtryggur Bjarnason og ábekingur Glóbus hf. Hafi víxill þessi verið stefnanda óviðkomandi, enda hann ekki aðili að viðskiptum um víxil þennan og hann ekki veitt heimild til skuldfærslu hans á viðskiptareikningi sínum hjá stefnda. Hafi stefndi verið ófáanlegur að leiðrétta þetta, og sé því málsókn þessi nauðsynleg.

Stefnandi getur þess, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hafi starfað við verkið sem vinnuvélastjóri hjá sér. Hafi hann ekki haft umboð til að ráðstafa fjármunum hans, en samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins og Glóbusi hf., hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason keypt traktorsgröfu hjá Glóbusi hf. fyrir víxil þennan og látið skrá tækið á nafn eiginkonu sinnar, Önnu Hafðísar Karlsdóttur. Hafi viðskipti þessi verið stefnanda alls óviðkomandi.

Þá bendir hann á það, að ónákvæmni gæti í bókhaldi stefnda, m. a. þar sem tilgreind er greiðsla 1.000.000 kr. til Friðriks Bjarnasonar vegna verk-samnings, en eigi að vera greiðsla til stefnanda.

Þá liggi fyrir yfirlýsing, dagsett 23. desember 1993, frá Friðriki þessum, þar sem hann tekur við greiðslu frá stefnda, 50.000 kr., út af reikningi stefnanda. En stefndi hafi tekið tryggingarvíxil hjá Friðriki þessum, ef stefnandi samþykkti ekki þessa ráðstöfun. Hafi stefnandi mótmælt þessu og stefndi leiðrétt.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að aðilar hafi gert með sér verksamning 12. júlí 1993, þar sem stefnandi tók að sér gatnagerð o. fl. í Hrísey. Hafi verkið hafist 4. ágúst og lokið 22. nóvember s. á. Í viðræðum við stefnanda hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason ávallt komið fram ásamt honum. Hafi stefnda virst, að Friðrik þessi hefði ekki síður ráðið ákvörðunum en stefnandi. Áður en verkið hófst, hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason haft samband við sveitarstjóra og óskað eftir aðstoð stefnda, til að hægt væri að kaupa vinnuvél, sem nota átti við verkið. Varð það úr, að stefndi samþykkti víxil, að fjárhæð 1.750.000 kr., með gjalddaga 15. september 1993 vegna kaupa á vél-inni og greitt hann 22. s. m. Höfu þeir félagar verkið, og hefði verið greitt eftir framvindu þess. Þegar verkstaða og greiðslustaða var borin saman, hefði alltaf verið gert ráð fyrir víxlinum sem greiðslu inn á verkið. Hefði

stefnandi aldrei gert athugasemd við greiðslustöðuna, og hefði hann þó mjög oft fengið greiðslufirlit hjá stefnda.

Mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi gert athugasemd við greiðslu þessa fyrr en með bréfi lögmanns hans, dagsettu 26. apríl 1994, og bendir á, að stefnandi hafi gefið út lokareikning, þar sem ekki hafi verið gerð athugasemd við greiðslur stefnda.

Svo virðist sem ágreiningur hafi komið upp milli stefnanda og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, en stefndi hafi samþykkt vísilinn með fullri vitund og vilja stefnanda, og sé stefnda alls óviðkomandi, hvernig skráningu vinnuvélarinnar var háttað, en stefnandi sé að tvískrefja um sömu greiðsluna. Í verksamningi aðila frá 12. júlí 1993, sem undirritaður er af aðilum 12. júlí 1993, sem Friðrik Bjarnason undirritar sem vitundarvottur, segir svo í 2. gr., sbr. dskj. nr. 12:

„Eftirtalin gögn skulu teljast hluti af samningi þessum:

1. útboðslýsing,
2. íslenskur staðall, ÍST-30, ásamt sérskilmálum og breytingum við ÍST-30,
3. form verktryggingar,
4. form verksamnings,
5. verklýsing ásamt skilgreiningu, magn talna,
6. uppdrættir gerðir af VN nr. 179, 2, 5, 13, 14, 16 og 17,
7. tilboðsskrá og tilboðseyðublað.“

En með verksamningnum tók stefnandi að sér gatnagerð við Brekkugötu, Miðbraut, Skólaveg og götu neðan við Syðstabæ í Hrísey, og skyldi stefndi greiða fyrir verkið 5.319.388 kr. með þeim breytingum, sem samningsgögn kveða á um, og fjárhæðin greiðast á þann hátt, sem samningsgögn greina.

Verður nú rakinn framburður aðila og vitna.

Fyrir dómi bar stefnandi, Friðrik Ólafur Ólafsson, að hann hefði verið verktaki við framangreint verk og Friðrik Sigtryggur Bjarnason launþegi og ekki haft umboð fyrir sína hönd. Hefði hann fengið vitneskju um greiðsluna 22. september 1993, áður en verkið hófst, og vísillinn verið útbúinn án sinnar heimildar og hann sagt sveitarstjóra það. Hefði grafan verið komin til Hríseyjar, þegar verkið hófst 6. ágúst 1993. Hefði hann ætlað að fá á leigu vél hjá Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni til verksins, en þegar verksamningur var gerður 12. júlí þ. á., var verið að taka vinnuvél af Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, sem hann hafði á kaupleigu, en vél þessa hefði stefnandi ætlað að leigja. Hefði Friðrik Sigtryggur beðið sig að biðja Jónas Vigfússon sveitarstjóra að ábyrgjast 1.000.000 kr. til gröfukaupa, en hann neitaði því.

Hefði hann haft samband við Glóbus hf. og fengið staðfestingu um, að stefndi hefði greitt 1.750.000 kr. inn á vélina. Þegar hann ætlaði að fara að ganga frá lokakaupum vélarinnar hjá Glóbusi hf., hefði komið í ljós, að vél-in var skráð á nafn eiginkonu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, og er hann gerði lokareikninginn, hefði hann ekki vitað betur en hann sjálfur væri eig-andi gröfunnar, en lokareikningurinn verið gerður samkvæmt upplýsingum stefnda svo og úr bókhaldi sínu. Hefði hann tjáð Jónasi sveitarstjóra, að vél-in væri keypt í heimildarleysi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason beðið um þessa ábyrgð í heimildarleysi. Ekki hefði hann séð neinar nótur fyrir vélar-kaupunum, heldur einungis greiðslukvittun á víxlinum.

Upphaflega leit hann svo á, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefði lagt vélina til verksins og hann leigt vélina af honum. En á þessum tíma hefði hann verið mágur sinn og gjaldþrota, þegar verkið var unnið, og honum kunnugt um það. Hann kvaðst sjálfur hafa verið gerður gjaldþrota 1986 og á þessum tíma verið búinn að fá bú sitt framselt. Hefði hann gert athuga-semnd við Jónas sveitarstjóra, þegar hann frétti af margnefndum víxli, og það verið um miðjan ágúst 1993 og honum þá kunnugt um, að andvirði vélarinnar yrði skuldfært á verkið. Hefði hann þá gert sér grein fyrir því, að 1/3 hluti andvirðis verksins hefði farið í þessa vél, og komist að því í mars 1994, að vél-in var skráð á nafn eiginkonu Friðriks Bjarnasonar. Hefði þá komið í ljós, að hann og eiginkona hans voru í vanskilum með virðis-aukaskatt við Glóbus hf.

Hann kvaðst hafa átt sparisjóðsbók nr. 969 við Sparisjóð Hríseyjar og Friðrik Sigtryggur tekið úr henni um 2.000.000 kr. í heimildarleysi eða stærri fjárhæðir. Hefði yfirlit yfir greiðslur frá stefnda borist eftir beiðni á verktímanum og Friðrik Sigtryggur Bjarnason sótt yfirlit öðru hverju. Hann kvaðst ekki hafa gert kröfu um, að greiðslan fyrir andvirði vélarinnar yrði bakfærð, eftir að hann fékk vitneskju um kaupin á henni í ágúst 1993. Um úttektir Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar úr sparisjóðsbókinni hafi ekki verið veittar heimildir með formlegum hætti fyrir þeim öllum. Hefði hann talað við sparisjóðsstjóran nokkrum sinnum og bannað úttektir úr bókinni og tekið bókina í sínar vörslur um miðjan nóvember 1993.

Hann hefði borið fyllsta traust til Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar framan af vegna tengsla hans og Friðrik Sigtryggur í fjárhagslegri klemmu. Hvaða tímagjald hann greiddi Friðriki fyrir vélina, mundi stefnandi ekki, en hann hefði greitt laun og rekstur vélarinnar og greitt Friðriki sem launþega.

Á verktímanum hefði hann farið þrisvar í frí um helgar og þá verið allur gangur á því að ná sambandi við Jónas sveitarstjóra, en sífelldar breytingar hefðu verið á verkinu og hann þurft að taka 10-12 ljósmyndafilmur til að

sanna, hvað gert var. Ekki hefði unnist tími til að halda formlega verkfundi nema raunverulega þrjá. Hefði Jónas sveitarstjóri skrifað fundargerðir, sem hann hefði aldrei séð. Hefði Jónas sveitarstjóri átt að hafa eftirlit með verkinu sem lærður verkfræðingur, en í raun og veru hefði hann sjálfur haft eftirlit með því og geti sannað það með ljósmyndum. Hann hefði ekkert samband haft við sveitarstjórnann út af virðisaukaskattinum til Glóbusar hf.

Jónas Vigfússon, verkfræðingur og sveitarstjóri Hríseyjarhrepps, kt. 131151-2419, Miðbraut 12, Hrísey, bar, að tvö lægstu tilboð í verkið hefðu komið frá stefnanda og Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni og stefnandi verið kallaður til að ganga frá verksamningi. Með honum hefði komið Friðrik Sigtryggur Bjarnason, en þeir hefðu ætlað að vinna verkið saman. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason hringt í sig að sunnan og beðið sig að samþykkja víxil þennan, þar sem þeir ætluðu að nota vél, sem kaupa átti til verksins. Hefði hann verið tregur til, en látið til leiðast og vélina komið.

Pegar stefnandi hefði komið og beðið um greiðslu, hefði hann sagst hafa greitt inn á verkið 1.750.000 kr. með greiðslu þessa víxils og stefnandi þá sagt sér, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefði komið aftan að sér með vélina, en hann ekki krafist þess, að þetta yrði bakfært þá, heldur í mars 1994. Hefði greiðsla þessi gengið inn í verkið og verkkaupa ekki komið við, hvor ætti vélina. Hann kveðst hafa sent víxilinn Glóbusi hf., en samið hefði verið um, að þetta hefði verið greiðsla upp í verkið. Það hefði verið Friðrik Sigtryggur Bjarnason, sem tilgreindi gjalddaga víxilsins, og hann ekki hugsað út í, hvor þeirra ætti vélina, heldur hefði þetta verið greiðsla inn á verkið, eins og áður greinir.

Þeir stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefðu samið um öll auka- verk, en hann alltaf litið á stefnanda sem verktaka og minnst þess ekki, að samið hefði verið við annan þeirra um aukaverk. Fundargerðir hefðu ekki verið skráðar reglulega, heldur hefði hann fylgst með verkinu og séð um mælingar. Hefði hann litið á Friðrik Sigtrygg Bjarnason sem verkstjóra og vitað um erfiða fjárhagsstöðu stefnanda og Friðriks Sigtryggs á þessum tíma. Eftir að verki lauk, hefði verið erfitt að ná í stefnanda og eins, er hann hefði verið fyrir sunnan öðru hverju á verk tímanum.

Hann upplýsti, að víxillinn hefði verið gefinn út 27. júlí 1993 með gjalddaga 15. september s. á., og ekki verið í sambandi við greiðslustöðu verksins, þegar greiðslu var lofað, en gjalddagi víxilsins hefði verið á miðjum verktímanum, sem áætlaður hefði verið þrír mánuðir.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðrún Kristjánsdóttir, bókarí hjá Hríseyjarhreppi, kt. 131057-4319, Austurvegi 25, Hrísey. Hún kvaðst hafa hafið

störf hjá stefnda 1. september 1993 og séð um að bóka öll gögn fyrir stefnda og greitt stefnanda og oft látið hann fá greiðslufirlit. Hefði hann einu sinni spurt um víxil, að fjárhæð 1.750.000 kr., og ekki gert athugasemdir við hann. Hefði þetta verið greiðsla upp í verkið.

Vitnið Ómar Friðriksson afgreiðslumaður, kt. 291076-5489, Lyngholti 26, Akureyri, kvaðst hafa unnið við gatnagerðina í Hrísey. Hefði hann aldrei vitað nákvæmlega, hver ætti gröfuna, en heyrt, að stefnandi hefði sagst eiga hana. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason unnið á gröfunni og hann ráðið sig í vinnu, en vitnið vissi, að stefnandi var verktaki.

Vitnið Steinnþór Stefánsson lagermaður, kt. 120773-4889, Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit, starfaði við gatnagerðina í Hrísey. Heyrði hann, að stefnandi hefði sagst eiga gröfuna, og hefði hann verið verktaki, en hann talið stefnanda og Friðrik Sigtrygg Bjarnason verkstjóra. Við verkið hefðu unnið 5–6 manns.

Vitnið Páll Brynjar Pálsson verslunarmaður, kt. 180175-3779, Grenivöllum 32, Akureyri, kvaðst hafa unnið við gatnagerðina um einn mánuð. Hefði hann heyrt vinnufélaga sína segja, að stefnandi ætti gröfuna, og hefði hann verið verktaki og stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason báðir verkstjórar.

Vitnið Friðrik Sigtryggur Bjarnason verktaki, kt. 131063-4239, Litlu-Hlíð, Eyjafjarðarsveit, bar, að þeir stefnandi hefðu gert tilboð í verkið í Hrísey og vitað hvor af tilboði hins. Dæmið hefði verið hugsað þannig, að annar hvor fengi verkið. Hefði hann starfað við verkið með vinnuvél og getað fengið vél hjá Glóbusi hf. gegn greiðslu stefnda og allir vitað af því. Þeir stefnandi hefðu skoðað margar vinnuvélar í Reykjavík og gengið að tilboði Glóbusar hf. Aldrei hefði verið minnst á vélina, meðan á verkinu stóð, en því hefði lokið 16. nóvember 1993, og ekki verið minnst á, að stefnandi teldi sig eiga vélina, fyrr en í byrjun desember 1993. Hefði vélina verið skráð á nafn eiginkonu sinnar, þegar hún var keypt 27. júlí 1993, og hún ásamt tveimur gámum farið í skip til Hríseyjar 28. s. m. og stefnandi greitt flutningsgjaldið.

Á þessum tíma hefði hann verið gjaldþrota eins og stefnandi. Hefði það ekki verið málamyndagerningur, að vélina var skráð á nafn eiginkonu hans, og hefði víxillinn verið trygging fyrir því, að hann kæmi út í Hrísey, og að á gjalddaga hans væri hann búinn að vinna vélavinnu fyrir um 1.500.000 kr.

Ekki gat vitnið sagt, hvað hann fékk greitt fyrir verkið.

Aðspurður um lögregluskýrslu, gefna 22. nóvember 1993, þar sem hann sagði eiganda vinnuvélarinnar vera sig ásamt stefnanda, sagðist hann líta á eiganda sem umráðamann vélarinnar, en stefnandi ekki verið eigandi, held-

ur verktaki. Hann kvaðst eiga gröfuna í þeim skilningi, að hann væri umráðamaður hennar. Hefði stefnandi borið upp á sig, að hann hefði stungið í vasann peningum af verkinu og fengið fyrir það um 3.200.000 kr.

Vitnið bar, að þeir stefnandi hefðu báðir gengið í það að fá greiðsluna samkvæmt vixlinum sem verktryggingu fyrir vinnulaunum sínum og víxillinn útbúinn með vitund og vilja stefnanda. Kvaðst hann telja það svívirðu að krefja stefnda tvisvar um sömu greiðslu.

Hefðu þeir stefnandi greitt kostnað af vélinni. Ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um greiðslur fyrir vélina, en vélin verið forsenda fyrir verkinu. Sem dæmi nefndi hann, að á þessum tíma hefði vinnuvélataxti verið 3.750 kr. á klukkustund og verkið verið í 103 daga.

Hann kvaðst hafa stofnað sparisjóðsbók nr. 969 í Sparisjóði Hríseyjar á nafni stefnanda.

Fyrir dóminn kom sem vitni Svava Margrét Bjarnadóttir, kt. 161156-2729, Móbergi 42, Reykjavík, en vitnið er systir Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar og fyrrverandi eiginkona stefnanda.

Vitnið kvaðst hafa útbúið lokareikning 10. janúar 1994 vegna gatnagerðar í Hrísey, að heildarfjárhæð 9.330.068 kr., og áður hefðu verið greiddar 8.890.879 kr. og samtals ógreiddar 439.189 kr. Hefði reikningurinn verið samkvæmt upplýsingum stefnda svo og bókhaldsgögnum stefnanda. Ekki hefði henni verið kunnugt um ágreining um eignarrétt að gröfunni fyrr en í lok mars eða apríl 1994.

Vitnið upplýsti, að hún hefði skilið við stefnanda í júnflok 1994 og stefnandi ekki séð lokareikninginn á dskj. nr. 3, áður en hann var sendur. Hefði Jónas sveitarstjóri óskað eftir lokareikningi þessum.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð bókhald stefnanda fyrr en í mars 1994 og þá farið í gegnum það með honum. Hefðu þau útbúið yfirlit á dskj. nr. 13, 14 og 15 og sent Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, en þá hefði lokastaða verksins legið fyrir og jafnframt staðan milli stefnanda og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru grundvallarreglur samninga- og kröfuréttar, svo sem um greiðslu fjárskuldbindinga og skuldaskila. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason ekki haft heimild til að skuldbinda sig sem verktaka án umboðs hans, sem hann hafi ekki haft, og beri því stefnda að greiða stefnufjárhæðina.

Þessu mótmælir stefndi og heldur því fram, að kaupin á vélinni hafi verið innt af hendi með vitund og vilja stefnanda og lokareikningurinn á dskj. nr. 3 sé skrifleg kvittun stefnanda þess efnis. Í samskiptum aðila hafi sá háttur verið hafður á, að greitt hafi verið í samræmi við framvindu verksins, og í

yfirliti yfir greiðslustöðu hafi alltaf verið gert ráð fyrir þessari greiðslu. Stefnandi hafi aldrei hreyft neinum athugasemdum við þessari greiðslu eða endurkafið, og þessi eina greiðsla hafi verið nærri 20% af heildargreiðslum fyrir aðal- og aukaverk. Þessi greiðsla hafi því aldrei dulist stefnanda. Engu að síður hafi hann ekki hreyft athugasemdum fyrr en með bréfi lögmanns síns, dagsettu 26. apríl 1994.

Ef stefnandi hafi talið óheimilt að greiða Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, hafi honum borið að mótmæla þegar í stað, svo að stefnda gæfist kostur á að takmarka tjón sitt, og hafi honum verið fullljóst, að forsenda þess að geta unnið verkið væri að kaupa vélina.

Með málshöfðun sinni virðist stefnandi vera að blanda stefnda í deilur sínar og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, sem séu sér alls óviðkomandi. Hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason verið með stefnanda, þegar verið var að semja um verkið, og hafi hann virst hafa mjög frjálsar hendur gagnvart stefnanda, enda tengdur honum, og í raun hafi hann virst vera sá, sem stjórnaði verkinu og hafði umsjón með því, enda þótt stefnandi væri verktaki.

Heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi verið kunnugt frá upphafi um samþykki stefnda fyrir greiðslu á víxlinum, a. m. k. hafi hann samþykkt greiðsluna síðar með öllu framferði sínu.

Álit dómsins.

Svo sem að framan er rakið, gerðu stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason báðir tilboð í verk það, sem unnið var, en tilboði stefnanda tekid. Stefnanda var ljós slæm fjárhagsstaða þeirra beggja. Öll samskipti stefnanda og stefnda svo og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar virðast hafa verið mjög óformleg og nán miðað við, að um útboðsverk var að ræða. Ekki virðast hafa verið haldnir formlegir verkfundir né formlega gengið frá skipan verkstjórnanda.

Vöruúttektir stefnanda voru greiddar út af viðskiptareikningi hans hjá stefnda sem greiðslur fyrir verkið, og enginn reikningur virðist hafa verið skrifaður, fyrr en lokareikningur er gerður 10. janúar 1994.

Starfsmaður stefnda annaðist mælingar fyrir stefnanda og ýmsa fyrir greiðslu umfram samninga. Svo sem áður greinir, er íslenskur staðall, ÍST-30, ásamt sérskilmálum og breytingum við ÍST-30 hluti af verksamningi aðila, og verður því að líta til ákvæða staðalsins vegna máls þessa.

Stefndi virðist hafa litið svo á, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hafi haft stöðu umboðsmanns verktaka stefnanda samkvæmt ÍST-30, kafla 17.2. Þegar gefinn er út og greiddur umræddur víxill, 1.750.000 kr., vegna vélarkaupa og skuldfærður á viðskiptareikning stefnanda, er þessu fyrst formlega mót-

mælt með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1994, 3½ mánuði eftir að stefnandi hafði lagt fram fullnaðarreikning vegna verksins.

Ekki er upplýst, hvort stefnanda var gert viðvart um ráðstöfun greiðslunnar strax við útgáfu víxilsins, en um miðjan ágúst 1993 mátti stefnanda vera ljóst um ráðstöfun fjárins af viðskiptareikningi sínum og þar með skilning stefnda á stöðu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar.

Ljóst er, að frá upphafi taldi stefndi sig vera að greiða inn á verkið með víxli þessum, og séu síðkomin mótmæli stefnanda tekin til greina, þarf stefndi að tvígreiða fjárhæðina. Þar sem stefnandi mótmælti ekki strax þessari ráðstöfun greiðslunnar bréflæga eða með boðun verkfundar samkvæmt ÍST-30, kafla 17.10, né gerði fyrirvara í fullnaðarreikningi samkvæmt ÍST-30, kafla 32.7, verður að telja, að hann hafi samþykkt skilning stefnda á stöðu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar sem umboðsmanns stefnanda.

Samkvæmt framansögðu getur stefnandi ekki haft uppi frekari kröfur á hendur stefnda samkvæmt ÍST-30, kafla 32.8.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Herði Blöndal byggingaverkfræðingi og Gísla Gunnlaugssyni byggingatæknifræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hríseyjarhreppur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Ólafssonar.

Málskostnaður fellur niður.
